



Ársskýrsla 2019

Ársfundur 28.ágúst 2020

Ársskýrsla 2019

© Starfsmennt fræðslusetur, ágúst 2020

Ábyrgðarmaður Guðfinna Harðardóttir

Skipholti 50b
105 Reykjavík

Sími 550 0060

Netfang: smennt@smennt.is

Veffang: www.smennt.is

Efnisyfirlit

1. Um Starfsmennt	2
Stjórn og starfsmenn	2
2. Starfsárið 2019 – samantekt.....	4
3. Námsframboð og skráningar	5
Hlutfallsleg skipting skráninga eftir stéttarfélagsaðild.....	6
4. Nám, námsleiðir og viðburðir á vegum Starfsmenntar	7
Samstarf við stofnanir um nám og fræðslu	11
5. Ráðgjöf á sviði fræðslu og mannauðsefningar	12
6. Þróunarverkefni, samstarf og gæði	13
Samstarf um nám og fræðslu	13
Samstarf um raunfærnimat.....	14
Útgáfur	15
Annað samstarf, símenntun starfsmanna og gæðamál	15
7. Fjármögnun og rekstur	16
Viðauki – Námsframboð og skráningar árið 2019	18

1. Um Starfsmennt

Fræðslusetrið Starfsmennt var stofnað árið 2001 og er samstarfsvettvangur fjármála- og efnahagsráðuneytis og flestra aðildarfélaganna BSRB um starfstengt nám, starfsþróun og ráðgjöf. Hlutverk setursins er að styðja færniþróun opinberra starfsmanna svo þeir séu betur í stakk búnir til að takast á við sífellt fjölbreyttari verkefni og jafnframt að auka möguleika stofnana á að þróa starfsvið sitt þannig að það samræmist þeim kröfum sem gerðar eru til þeirra á hverjum tíma.

Starfsmennt miðar að því að vera leiðandi starfsmenntar- og ráðgjafamiðstöð og eftirsóknarverður samstarfsaðili í viðleitni opinberra stofnana til að efla fagmennsku og færni í starfi og í að skapa uppbyggilegt og hvetjandi vinnuumhverfi. Starfsmennt er hugmyndabanki, umsjónaraðili og framkvæmdaðili að verkefnum sem lúta að starfsþróun ríkisstarfsmanna, metur þörf fyrir fræðslu hjá einstökum stofnunum eða stofnanahópum og hefur frumkvæði að því að búa til námskeið sem svara þeirri þörf. Hlutverk Starfsmenntar eru að:

- bjóða opinberum starfsmönnum víðtæka möguleika til menntunar og þroska.
- aðstoða stjórnendur við mótun vinnustaðamenningar og starfsumhverfis sem miðar að því að auka ánægju og hvatningu í starfi.

Nám og ráðgjöf Starfsmenntar eru stofnunum og starfsmönnum ríkisins að kostnaðarlausu ef um er að ræða þjónustu við starfsmenn sem eru félagsmenn í aðildarfélögum fræðslusetursins. Gerðir hafa verið samstarfssamningar við ýmsa mannauðssjóði bæjarstarfsmannafélaga, sjóði háskólamanna, annarra stéttarfélaganna og Fræðslusjóð til að fleiri hópar geti nýtt námskeiðin og að ráðgjöf til stofnana nái til sem flestra starfsmanna þeirra.

Stjórn og starfsmenn

Stjórn Starfsmenntar er skipuð eigendum setursins til jafns, tveimur fulltrúum frá stéttarfélögum og tveimur fulltrúum frá fjármála- og efnahagsráðuneyti. Nokkur breyting varð í stjórn Starfsmenntar á árinu þar sem Árni Stefán Jónsson og Guðmundur H. Guðmundsson létu báðir af stjórnarsetu. Auk nýrra aðalmanna bæði frá Sameyki og fjármála- og efnahagsráðuneyti, skipaði ráðuneytið nýja varamenn í stjórn Starfsmenntar og var hún svo skipuð árið 2019:

Aðalmenn:

- Þórarinn Eyfjörð, formaður (Sameyki – stéttarfélag í almannþjónustu)
- Einar Mar Þórðarson varaformaður (fjármála- og efnahagsráðuneyti)
- Arna Jakóbína Björnsdóttir (KJÖLUR – stéttarfélag starfsmanna í almannþjónustu)
- Elín Valgerður Margrétardóttir (fjármála- og efnahagsráðuneyti)

Varamenn:

- Aldís Magnúsdóttir (fjármála- og efnahagsráðuneyti)
- Jóhanna Þórdórsdóttir (Sameyki – stéttarfélag í almannþjónustu)
- Halldóra Friðjónsdóttir (fjármála- og efnahagsráðuneyti)
- Þórveig Þormóðsdóttir (Félag starfsmanna stjórnarráðsins)

Stjórn hélt átta fundi á árinu, þar af tvo með varamönnum og gestum. Ársfundur var haldinn 13.júní og var gestur fundarins Fanney Karlsdóttir frá verkefnastjórn um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna sem hélt erindi um heimsmarkmiðin og fjallaði m.a. um hvernig hægt er að mæta þau við dagleg verkefni og tengsl við ýmsa hagsmunaaðila.

Jólafundur var haldinn 27.nóvember og var gestur þess fundar Hulda Anna Arnljótsdóttir, sérfræðingur hjá mennta- og menningarmálaráðuneyti og fyrrum framkvæmdastjóri Starfsmenntar. Hulda Anna fjallaði um fjárframlög til framhaldsfræðslunnar og áherslur ráðuneytisins fyrir árið 2020 en þær áherslur fela m.a. í sér endurskoðun laga um framhaldsfræðslu og uppfærðan ramma um framlög til málaflokksins.



Fyrrverandi og núverandi framkvæmdastjórar Starfsmenntar á jólafundum stjórnar

Árið 2019 voru starfsmenn alls sjö í 6,5 stöðugildum á ársgrundvelli. Þær breytingar urðu helstar í starfsmannahópnum að Helga Rún Runólfsdóttir, mannauðsráðgjafi, sneri til baka úr fæðingarorlofi í byrjun apríl og Steingerður Kristjánsdóttir, verkefnastjóri, lét af störfum að eigin ósk í byrjun desember. Aðrir starfsmenn voru Björg Valsdóttir, skrifstofustjóri, Guðfinna Harðardóttir, framkvæmdastjóri, Júlía Hrönn Guðmundsdóttir, Soffía Guðný Santacroce og Sólborg Alda Pétursdóttir, verkefnastjórar. Guðrún H. Sederholm sinnti sem fyrr náms- og starfsráðgjöf í verktöku. Starfsmannafundir voru haldnir nokkuð reglubundið yfir vetrartímann og urðu þeir alls 30 árið 2019.

Skoðunarmenn ársreikninga og löggiltir endurskoðendur voru frá endurskoðunarskrifstofunni Ernst & Young.

2. Starfsárið 2019 – samantekt

Árið 2019 var framboð starfstengds náms á vegum Starfsmenntar fjölbreytt sem fyrr og snerti á margvíslegum málefnum. Þetta árið var lögð sérstök áhersla á að bjóða upp á námskeið sem taka til þátta sem fjórða iðnbyltingin krefst og varða m.a. stafræna hæfni, jákvætt viðhorf til breytinga, seiglu og gagnrýna og skapandi hugsun. Að auki voru áfram í boði námskeið sem varða m.a. þjónustustjórnun, launavinnslu, bókhaldsgerð, sjálfsefningu og samskipti. Árið 2019 voru skráningar í nám á vegum Starfsmenntar 2.730 á móti 3.554 og námstilboð töldu 290 þetta ár á móti 299 árið 2018.

Starfsmennt kaupir sæti á námskeiðum ýmissa fræðsluaðila fyrir aðildarfélagasína og var áfram leitað eftir samstarfi við fræðsluaðila um allt land. Þannig átti Starfsmennt í samstarfi við fræðsluaðila á Vestfjörðum, Norðurlandi vestra, Norðurlandi eystra og Suðurlandi utan höfuðborgarsvæðisins. Meðal nýjunga, sem í boði voru, var fjarnám skv. námskránni *Fagnám í umönnun fatlaðra* í samvinnu við Fræðslunet Suðurlands. Starfsmennt gat því greitt götu 20 félagsmanna aðildarfélagasinna í námið haustið 2019. Þátttakendur komu af höfuðborgarsvæðinu, frá Norðurlandi eystra, Suðurlandi, Suðurnesjum og Vesturlandi.

Fagháskólanám í opinberri stjórnáslu við Háskólann á Bifröst hélt áfram fyrir afmarkaðan hóp félagsmanna Sameykis, áður SFR. Við árslok 2019 voru 24 einstaklingar enn í námi á vegum Starfsmenntar sem er fækkun um fjóra frá því sem upphaflega hófu námið haustið 2018. Námslok eru áætluð sumarið 2020 og þar með lýkur aðkomu Starfsmenntar að tilraunaverkefninu.

Samstarfsverkefni Fangelsismálastofnunar og Starfsmenntar um nám skv. námskrá Fangavarðaskólans fyrir tiltekinn hóp starfsmanna lauk vorið 2019 með útskrift allra tuttugu þátttakendanna sem hófu námið haustið 2018. Þá var aftur farið af stað með endurmenntunarnámskeið fyrir starfandi fangaverði og voru tvö slík í boði haustið 2019.

Nýtt verkefni hóf göngu sína á árinu og er um að ræða samstarf við Fræðslumiðstöð atvinnulífs (FA) um raunfærnimat á móti kröfum atvinnulífs. Um tilraunaverkefni er að ræða sem hefur það markmið að byggja grunn að varanlegu kerfi fyrir raunfærnimat í atvinnulífinu. Lögð er áhersla á að tryggja gildi niðurstaðna fyrir vinnumarkaðinn og er verkefnið unnið með styrk úr Fræðslusjóði. Auk Starfsmenntar taka fjórar fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar þátt í verkefninu. Verkefni Starfsmenntar felst í að meta á móti kröfum starfs sérhæfðs fulltrúa og er það unnið í samstarfi við Vinnumálastofnun, útibú á Skagaströnd, og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (áður Íbúðalánasjóður), útibú á Sauðárkróki.

Starfsmennt sóttist eftir samstarfi við VR til að þróa stutt námskeið sem styðja við almenna stafræna hæfni. Aðdragandinn var sá að VR lét þýða danskt sjálfspróf *Stafræna hæfnihjólið* sem hefur það meginmarkmið að gefa einstaklingum kost á að kortleggja stafræna hæfni sína. Aðgangur að íslensku útgáfunni var opnaður haustið 2019 og er öllum opin á vef VR <https://stafrænhaefni.is/>. Starfsmennt fékk styrk úr Þróunarsjóði framhaldsfræðslunnar vorið 2019 til að þróa nám sem byggir á þeim hæfnipáttum sem mældir eru í sjálfsprófinu. Þróuð verða nokkur stutt námskeið og er áætlað að þau verði opin öllum endurgjaldslaust á vef Starfsmenntar árið 2020.

Erlenda samstarfsverkefninu *You Dig IT* lauk um mitt ár 2019 en í því voru skoðuð rafræn verkfæri (smáforrit) sem nýst geta í námi og kennslu. Erasmusplus umsókn um KA2 samstarfsverkefnið *Transforming VET 4.0*, sem Starfsmennt var þátttakandi í, hlaut samþykki þýsku landskrifstofu Erasmusplus og hófst vinna við það í ársbyrjun 2019. Verkefnið lýtur að þeim áskorunum sem starfsmenntun og kennarar innan starfsmenntunar standa frammi fyrir í tengslum við fjórðu iðnbyltinguna og eru samstarfsaðilar frá Þýskalandi, Finnlandi og Hollandi. Þá hlaut Starfsmennt styrk úr KA1 hluta menntaáætlunar ESB til að styðja við símenntun starfsmanna og stjórnar fræðslusetursins. Styrkurinn var nýttur í eina ferð á árinu 2019 þegar verkefnastjóri náms- og starfsráðgjafar sótti námskeið í Finnlandi um notkun rafrænna miðla í einstaklingsráðgjöf. Styrkinn þarf að fullnýta fyrir maílok 2021.

3. Námsframboð og skráningar

Starfsmennt býður upp á margs konar nám og viðburði og er hluti þess opinn öllum en sumt einungis ætlað félagsmönnum aðildarfélaganna fræðslusetursins eða tilteknum starfshópum. Árið 2019 hélt Starfsmennt áfram samstarfi við fjölbreyttan hóp fræðsluaðila um allt land til að greiða götu aðildarfélaganna að starfstengdu námi.

Árið 2019 voru námstilboð og viðburðir, sem aðildarfélagar gátu sótt á vegum Starfsmenntar, alls 290 eða um 3% færri en árið á undan þegar þau voru 299 og skráningum¹ í nám og á viðburði á vegum Starfsmenntar fækkaði um 23% milli ára, úr 3.554 árið 2018 í 2.730 árið 2019 (sjá töflu 1). Helstu ástæður þessa samdráttar í skráningum má m.a. rekja til minni ásóknar í námskeið á sviði endurmenntunar atvinnubílstjóra² og að námskeið til stuðnings innleiðingu jafnlaunastaðals fluttust frá Starfsmennt til Endurmenntunar HÍ haustið 2018 þegar lög um jafnlaunastaðal höfðu hlotið samþykkt á alþingi og tilraunaverkefninu lauk formlega.

Tafla 1. Nám, námsleiðir og viðburðir á vegum Starfsmenntar, framboð og skráningar 2015-2019

	Framboð		Skráning	
	Fjöldi	Breyting frá fyrra ári	Fjöldi	Breyting frá fyrra ári
Árið 2019	290	-3%	2.730	-23%
Árið 2018	299	25%	3.554	10%
Árið 2017	240	19%	3.237	20%
Árið 2016	202	36%	2.692	34%
Árið 2015	149	-7%	2.011	-11%

Stundum vill verða að ekki næst full þátttaka á námskeið á vegum Starfsmenntar eða samstarfsaðila fræðslusetursins og því getur þurft að fella niður námskeið. Í heildina náðist ekki skráning á 40 námskeið árið 2019 og 90 einstaklingar voru afboðaðir. Heildarfjöldi þátttakenda í námi árið 2019 varð því 2.640 og í heildina voru haldin 250 námskeið, námsleiðir og/eða viðburðir (sjá töflu 2 og nánar í kaflanum *Nám, námsleiðir og viðburðir á vegum Starfsmenntar*).

Tafla 2. Framboð og raunfjöldi þátttakenda árið 2019³

	Framboð	Fjöldi þátttakenda
Haldin námskeið og viðburðir	250	2.640
Námskeið og viðburðir með ónógri skráningu	40	90
Alls	290	2.730

Starfsmennt hefur að auki haldið utan um skráningar þátttakenda á námskeið fyrir starfsmenn og trúnaðarmenn stéttarfélaganna innan vébanda BSRB og ASÍ. Árið 2019 var í heildina boðið upp á 12

¹ Gerður er greinarmunur á skráningum og þátttöku að því leyti að skráningar ná yfir allt framboð hvort sem námskeið eða viðburðir voru haldin eður ei, en þátttaka nær einungis yfir þá viðburði (námskeið/námsleiðir/fyrirlestra/viðburði) sem haldnir voru.

² Atvinnubílstjórum er skylt að sinna lögbundinni endurmenntun til að geta endurnýjað réttindi sín á fimm ára fresti. Stór hópur atvinnubílstjóra, sem jafnframt eru félagsmenn í aðildarfélagum Starfsmenntar, lauk þessari námslotu fyrir árslok 2018.

³ Einstaklingsráðgjöf í formi viðtala hjá náms- og starfsráðgjafa telst ekki með í tölum um haldin námskeið og viðburði en skráningar í slík viðtöl eru teknar með í tölum yfir fjölda þátttakenda.

námskeið innan forystufræðslu BSRB og ASÍ og skráðu 150 einstaklingar sig á þau. Starfsmennt hafði einnig haldið utan um skráningar á *Gott að vita* námskeið og fyrirlestra á vegum Sameykis, en það verkefni fluttist alfarið yfir til Framvegis í ársbyrjun 2019. Heildarfjöldi skráninga á vef Starfsmenntar dróst því nokkuð saman milli ára og varð 2.880 árið 2019 á móti 4.511 árið 2018.

Hlutfallsleg skipting skráninga eftir stéttarfélagsaðild

Nám á vegum Starfsmenntar er félagsmönnum aðildarfélaga og samstarfssjóða að kostnaðarlausu en aðrir greiða námskeiðsgjöld. Í ársbyrjun 2019 sameinuðust SFR og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar í eitt félag *Sameyki – stéttarfélag í almannajónustu*, sameiningin breytti þó engu um aðild að Starfsmennt og er því gerður greinarmunur á þessum tveimur hópum í töflu 3.

Af heildarfjölda skráninga í nám og á viðburði á vegum Starfsmenntar árið 2019 voru 44% úr röðum félagsmanna Sameykis (áður SFR). Næstfjölmennasti hópurinn eru félagsmenn aðildarfélaga BHM og þar næst félagsmenn aðildarfélaga Samflots. Þó nokkur aukning mælist í skráningum félagsmanna Kjalar milli ára og má rekja það að einhverju leyti til aukins samstarfs Starfsmenntar við símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni. Mikil fækkun mælist hins vegar í aðsókn úr Félagi flugmálastarfsmanna milli ára og er skýringin helst sú að félagsmenn luku margir hverjir lögbundinni endurmenntun atvinnubílstjóra í árslok 2018 og hafa endurnýjað réttindi sín til fimm ára. Samdráttur í skráningum félagsmanna aðildarfélaga stéttarfélaganna utan BSRB skýrist að mestu á því að námskeið um jafnlaunastaðal voru flutt til EHÍ og því einungis kleift félagsmönnum aðildarfélaga Starfsmenntar að skrá sig í þau hjá fræðslusetrinu. Nánari skiptingu skráninga eftir stéttarfélagsaðild er að finna í töflu 3.

Tafla 3. Fjöldi og hlutfallsleg skipting skráninga e. stéttarfélögum árin 2018 og 2019¹

	Árið 2019		Árið 2018		Hlutfallsleg breyting milli ára
	Skráningar alls	Hlutfall af heildarskráningu	Skráningar alls	Hlutfall af heildarskráningu	
Sameyki (SFR)	1.191	44%	1.267	36%	-6%
FFR	42	2%	278	8%	-85%
FSS	9	0%	13	0%	-31%
Kjölur	159	6%	131	4%	21%
Sameyki (St.Rv.)	53	2%	48	1%	10%
KSG	235	9%	374	11%	-37%
Samflot	367	13%	536	15%	-32%
BSRB	86	3%	20	1%	330%
ASÍ	44	2%	109	3%	-60%
BHM	470	17%	610	17%	-23%
Aðrir	74	3%	168	5%	-56%
Alls	2.730	100%	3.554	100%	-23%

¹ Tölurnar ná einungis yfir nám, námsleiðir og viðburði á vegum Starfsmenntar, þ.e. ekki eru teknar með skráningar í fræðslu á vegum stéttarfélaganna (forystufræðslu og fræðslu fyrir trúnaðarmenn).

4. Nám, námsleiðir og viðburðir á vegum Starfsmenntar

Framboð starfstengds náms á vegum Starfsmenntar var fjölbreytt sem fyrr og snerti á margvíslegum málafnum. Við val á starfstengdu námsframboði var áfram stuðst við greiningar á fræðsluþörfum starfsmanna nokkurra ríkisstofnana en einnig voru greind gögn um fjórðu iðnbýltinguna og frá Cedefob, evrópsku starfsmenntastofnuninni, um hæfnisvið sem þörf er á í atvinnulífinu. Þá var og rýnt í hæfnikröfur sem birtast í auglýsingum á Starfatorgi ríkisins. Niðurstöðurnar sýndu að sameiginleg þörf er fyrir almenna fræðslu á sviði sjálfstyrkingar, samskipta og þjónustu og tölvu- og upplýsingatækni. Þá munu breytingar á störfum við stafvæðingu verkefna krefjast aukinnar stafrænnar hæfni, aukinnar sérhæfingar, gagnrýnnar hugsunar og skipulagshæfni. Þessar niðurstöður voru hafðar til hliðsjónar við val á námi á vegum Starfsmenntar árið 2019 og var til að mynda bætt enn frekar við framboð á sviði upplýsingatækni m.a. með námskeiðum um teymisvinnu með Office 365 og til að efla skipulagshæfni með notkun Trello. Þá var gerð tilraun með að bjóða upp á nám í pólsku fyrir aðildarfélagi Starfsmenntar en niðurstöður greininga sýndu að bæta þurfti úr þörf fyrir innsýn í tungumál stærsta innflytjendahópsins hér á landi. Þá leitaðist Starfsmennt einnig við að ná til stjórnenda með námskeiðum um starfsmannasamtöl, stjórnun og samskipti á vinnustað.

Heildarfjöldi skráninga hjá Starfsmennt fækkaði sem fyrr segir um nærri því fjórðung milli ára 2018 og 2019. Mesta fækkun skráninga var á námskeið á sviði endurmenntunar atvinnubílstjóra og námskeið til stuðnings innleiðingar á jafnlaunastaðli. Þannig fækkaði skráningum í endurmenntun atvinnubílstjóra úr 218 árið 2018 í 10 árið 2019 og skráningum á jafnlaunastaðalsnámskeið og námskeið um skjala- og gæðastjórnun, sem iðulega eru tekin samhliða námi um innleiðingu jafnlaunastaðals, fækkaði úr 649 alls árið 2018 í 91 skráningu árið 2019.

Þrátt fyrir að framboð náms til að efla stafræna hæfni hafi verið gert fjölbreyttara með nýjum námskeiðum þá dróst ásóknin saman milli ára og voru skráningar á slík námskeið 264 árið 2019 á móti 447 árið 2018. Skráningum fjölgaði á námskeið innan *Launaskólans*, námsleiðar Starfsmenntar fyrir launafulltrúa ríkis og sveitarfélaga, en sú námsleið var endurskoðuð árið 2018 og boðið upp á námskeið í samræmi við endurskoðaða námskrá árið 2019. Skráningar á námskeið innan Launaskólans voru 119 árið 2019 á móti 11 árið á undan.

Töluverð aukning mælist í skráningum á námskeiðum til sjálfstyrkingar og opinberrar stjórnarsýslu milli ára en mikil fækkun hins vegar á skráningum á farandfyrirlestra. Skýringin er að hluta til sú að árið 2019 var framboðið almennt aukið en einnig var farið að flokka það sem áður féll undir farandfyrirlestra hjá stofnunum betur eftir innihaldi til að fylgjast með hverju stofnanir væru að sækjast eftir. Þannig var heildarfjöldi skráninga í farandfyrirlestra og nám á sviði sjálfstyrkingar og opinberrar stjórnarsýslu 1.369 árið 2019 á móti 1.163 árið á undan. Nánar er fjallað um nám stofnana í kaflanum um samstarf við stofnanir um nám og fræðslu.

Frekari tölur yfir námskeið og fjölda þátttakenda eftir innihaldi náms má finna í töflu 4.

Tafla 4. Innihald námskeiða/viðburða og fjöldi þátttakenda og skráðra árið 2019 og 2018

	Námsk./ viðb. haldin	Fjöldi þátt- takenda	Námsk./ viðb. felld niður	Fjöldi skráðra	Skráningar árið 2018
Almennur bókari	1	7	–	–	13
Áfangar, endurmenntun fangavarða	2	17	–	–	–
Bókhald og fjármál	5	34	–	–	21
Endurmenntun atvinnubílstjóra	10	10	–	–	218
Fagnám í umönnun fatlaðra	1	20	–	–	–
Fangavarðaskóli	1	20	–	–	20
Farandfyrirlestur	20	457	4	49	928
Félagliði	2	42	–	–	56
Félags- og tómstundabré	1	1	–	–	–
Jafnlaunastaðall	26	82	7	1	531
Kennslufræði fullorðinna	1	15	–	–	79
Launaskólinn	7	117	1	2	11
Læknaritari (nú heilbrigðisgagnafr.)	–	–	–	–	4
Opinber stjórnarsýsla ¹	9	159	–	–	–
Opinber stjórnarsýsla – fagháskólanám ²	1	24	–	–	28
Op. stjórn. – faghásk.(kynning og undirbúningsnámskeið)	–	–	–	–	44
Raunfærnimat - kynning	1	8	–	–	26
Sjálfsstyrking	39	682	7	22	235
Skjala- og gæðastjórnun	1	8	–	–	118
Sóttthreinsitæknir	–	–	–	–	18
Starfsþróunarráðgjöf til einstaklinga ³	Á ekki við	8	–	–	Á ekki við
Stjórnun og heilbriggt vinnuumhverfi	13	117	7	3	129
Stuðningsfulltrúi	2	2	–	–	1
Tungumál fyrir atvinnulífið	8	40	–	–	25
Tölvur og upplýsingatækni	54	263	8	1	447
Verkefnastjórnun	8	44	–	–	86
Viðurkenndur bókari	4	29	–	–	11
Vísdomur	1	18	1	3	14
Þjónustustjórnun	25	353	4	–	316
Þróttur	7	63	1	9	145
Alls	250	2.640	40	90	3.524

¹ Undir opinbera stjórnarsýslu falla námskeið um lögfræði, stjórnarsýslurétt og meðferð upplýsinga.

² Fagháskólanám í opinberri stjórnarsýslu er tilraunaverkefni í samstarfi Starfsmenntar og Háskólans á Bifröst. Af þeim 28 þátttakendum sem hófu nám á vegum Starfsmenntar haustið 2018 voru 24 enn við nám í árslok 2019. Námslok eru áætluð sumarið 2020. Þar með lýkur einnig tilraunaverkefninu.

³ Einstaklingar geta óskað eftir samtali við náms- og starfsráðgjafa hjá Starfsmennt til að ræða stefnu í lífi og starfi. Frá miðju ári 2019 varð mögulegt að bóka slíkt viðtal á vef Starfsmenntar. Sjá umfjöllun um ráðgjöf til einstaklinga í kafla 5.

Fagháskólanám í opinberri stjórnsýslu

Fagháskólanám í opinberri stjórnsýslu er tilraunaverkefni í samstarfi Starfsmenntar og Háskólans á Bifröst og var í fyrsta sinn í boði haustið 2018. Það haust hóf 28 manna hópur nám á vegum Starfsmenntar og var um að ræða afmarkaðan hóp félagsmanna Sameykis, áður SFR, sem eru ríkisstarfsmenn og höfðu sótt sérstaklega um að taka þátt í tilraunaverkefninu. Verkefnið byggir á fylgiskjali II í kjarasamningi SFR og fjármála- og efnahagsráðherra frá 28. október 2015.

Hluti af samningi við Háskólann á Bifröst fólst í þróun heildstæðrar námsleiðar til BA prófs. Haustið 2019 var slík námsleið í fyrsta sinn í boði við háskólann og má finna frekari upplýsingar um námið og námsframvindu á vef skólans, sjá <https://www.bifrost.is/namid/felagsvisinda--og-lagadeild/ba-i-opinberri-stjornsyslu/>.

Af þeim 28 þátttakendum sem hófu nám á vegum Starfsmenntar haustið 2018 voru 24 enn við nám í árslok 2019. Námslok diplómanáms voru áætluð sumarið 2020 og lýkur þar með einnig aðkomu Starfsmenntar að tilraunaverkefninu.

Raunfærnimat - kynningarfundir

Starfsmennt bauð í þriðja sinn upp á raunfærnimat á móti kröfum námskrár Háskólabrúar Keilis haustið 2019, átta mættu á kynningarfundinn, einn þátttakandi fór í kjölfarið í gegnum sjálft raunfærnimatsferlið og fékk metnar 12 einingar til styttingar náms frá Háskólabrú. Af þeim ellefu þátttakendum, sem fóru í gegnum raunfærnimat árið 2018, hófu níu nám við Keili í kjölfar raunfærnimats og vorið 2019 útskrifaðist fyrsti þátttakandinn af þessum níu.

Fangavarðaskólinn

Haustið 2018 var hrint úr vör námi skv. námskrá Fangavarðaskólans fyrir tiltekinn hóp starfsmanna Fangelsismálastofnunar sem ekki hafði gefist kostur á að ljúka þessu námi fyrr. Nýbreytnin fólst í því að allt bóklegt nám var sett í rafrænt umhverfi en verklegt nám var áfram kennt í staðnámi. Verkefnið var liður í úrvinnslu bókarar með kjarasamningi SFR og ríkisins frá 2015. Þátttakendur luku allir náminu á fullnægjandi hátt og voru útskrifaðir þann 24. maí árið 2019.



Útskrift úr Fangavarðaskóla 24. maí 2019

Fagnám í umönnun fatlaðra

Námskráin *Fagnám í umönnun fatlaðra* hlaut viðurkenningu Menntamálastofnunar árið 2017 sem vottuð námskrá innan framhaldsfræðslunnar. Þrátt fyrir vottunina og styrk úr Fræðslusjóði til að bjóða upp á nám skv. námskránni gekk illa að ná í lágsmarksfjölda þátttakenda. Þegar fréttist að Fræðslunet Suðurlands byði upp á námið í fjarnámi óskaði Starfsmennt eftir samstarfi við fræðslunetið til að greiða götu félagsmanna sinna aðildarfélaga í námið. Haustið 2019 hófu tuttugu þátttakendur námið á vegum Starfsmenntar og koma þau af höfuðborgarsvæðinu, Norðulandi eystra, Suðurlandi, Suðurnesjum og Vesturlandi.

Námi læknafræðingur breytt í fagháskólanám í heilbrigðisgagnafræði

Árið 2018 vann Fræðslumiðstöð atvinnulífs starfaprófil fyrir starf á sviði heilbrigðisgagnafræði fyrir Háskóla Íslands. Verkefnið var liður í þróun fagháskólanáms og birtast í starfaprófilnum hæfnipættir sem almennt eru á þrepi 5 miðað við hæfniramma um íslenska menntun. Í kjölfarið varð til 90 eininga fræðilegt og starfstengt nám á fagháskólastigi við Háskóla Íslands sem veitir réttindi til að starfa sem heilbrigðisgagnafræðingur. Samhliða var læknafræðingurabrot við Fjölbraut við Ármúla lögð niður. Starfsmennt óskaði eftir fundi við Félag læknafræðinguranna til að ræða endurmenntun stéttarinnar, sem hefur verið á hendi fræðslusetursins. Á fundi með félaginu í apríllök 2019 var ákveðið að fylgjast með framvindu mála hjá HÍ og funda aftur síðar þegar meiri reynsla yrði komin á breytingarnar.

Samstarf við stofnanir um nám og fræðslu

Starfsmennt vinnur með stofnunum ríkis og sveitarfélaga við þróun og uppsetningu náms og fræðslu fyrir starfsmenn þeirra og getur verið um að ræða eftirfylgni ráðgjafaverkefna þar sem Starfsmennt hefur komið að greiningu fræðsluþarfa í samvinnu við stofnun. Slík námskeið eru félagsmönnum aðildarfélaga og samstarfsaðila fræðslusetursins að kostnaðarlausu en greitt er fyrir þá starfsmenn sem ekki falla þar undir.

Árið 2019 voru skipulögð námskeið fyrir ýmsar ríkisstofnanir og einnig fengu sveitarfélög og stofnanir þeirra aðstoð Starfsmenntar við að setja upp námskeið fyrir starfsmenn sem m.a. starfa við umönnun fatlaðra. Í heildina voru skipulögð 86 námskeið fyrir stofnanir og sveitarfélög, tíu þeirra þurfti að fella niður vegna ónógrar þátttöku.

Innihald náms og fræðslu fyrir stofnanir var helst á sviði sjálfsstyrkingar, þjónustustjórnunar og opinberrar stjórnsýslu. Árið 2019 sóttu alls ríflega 1.500 starfsmenn starfstengd námskeið sem sett voru upp með þessum hætti, sem er nokkru færri en árið á undan þegar þáttökufjöldinn nam 1.685, sjá nánar í töflu 5.

Tafla 5. Samstarf við stofnanir um nám, fjöldi námskeiða og þátttakenda árið 2019

Stofnun	Námskeið haldin	Námskeið felld niður	Fjöldi þátttakenda
Dómstólasýslan	2	1	18
Fangelsismálastofnun	3	–	37
Friðhafnarskólinn	4	–	53
Isavia	4	–	70
Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu	15	3	354
Tollstjóri	10	–	108
Tryggingastofnun	8	1	300
Borgarbyggð	3	1	57
Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi	1	–	16
Hafnarfjörður	2	1	42
Kópavogur	6	–	41
Reykjakot	1	–	20
Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæði	17	3	395
Alls	76	10	1.511

5. Ráðgjöf á sviði fræðslu og mannauðsefningar

Starfsmennt býður stofnunum *Ráðgjafa að láni* til að aðstoða við verkefni sem tengjast fræðslu og mannauðsefningu og hafa það markmið að vekja athygli á mikilvægi símenntunar og styðja við stefnumiðaða starfsþróun innan stofnana. Árið 2019 var unnið að einu verkefni á þessu sviði með velferðarsviði Reykjanesbæjar og varðar það aðstoð og utanumhald náms og fræðslu sem styður við innleiðingu á nýju verklagi skv. hugmyndafræði þjónandi leiðsagnar hjá tilteknum stofnunum Reykjanesbæjar.

Einstaklingar geta einnig sótt ráðgjöf til Starfsmenntar sem hefur það markmið að hvetja starfsmenn til ábyrgðar á eigin starfsþróun og að benda á leiðir til náms bæði innan formlega skólakerfisins og þess óformlega t.d. á vettvangi Starfsmenntar. Ráðgjöfinni er ætlað að auðvelda fólki að átta sig á styrkleikum sínum, færni og áhuga til að eiga hægara með að ákveða stefnu í námi og starfi. Þjónustan er að hluta til fjármögnuð úr Fræðslusjóði sem byggir á ákvæðum laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu. Árið 2019 var heildarfjöldi viðtala hjá ráðgjafa Starfsmenntar 39, sem er töluverð fækkun frá fyrra ári þegar þau voru 166 en er sami fjöldi og var árið 2017. Þrjú af hverjum fjórum, sem nýttu sér þjónustuna, voru konur og nam meðalaldur þjónustuþega 45,7 árum. Félagsmenn aðildarféлага BSRB eru í miklum meirihluta þeirra sem sækja starfsþróunarráðgjöf hjá Starfsmennt og þar af eru flestir úr röðum Sameykis. Nánari skiptingu má sjá í töflu 6.

Tafla 6. Fjöldi ráðgjafaviðtala árið 2019 eftir kyni, aldri, stéttarfélagi og niðurstöðu viðtals

	Fjöldi viðtala	Hlutfall
Kyn		
Kona	29	74%
Karl	10	26%
Aldur		
Yngri en 35 ára	6	15%
35-50 ára	21	54%
51-65 ára	12	31%
Stéttarfélag		
Sameyki (áður SFR)	28	72%
Sameyki (áður St.Rv.)	4	10%
Sameyki (óflokkað)	3	8%
BSRB - aðrir	2	5%
Utan BSRB	2	5%
Niðustaða viðtals		
Áhugasviðsgreining	9	23%
Raunfærnimat	9	23%
Sjálfsstyrking	12	31%
Upplýsingar um nám og námskeið	9	23%

Til að auðvelda einstaklingum aðgang að ráðgjöf á sviði starfsþróunar og símenntunar var opnað vefspjall á vef Starfsmenntar og settur upp sérstakur ráðgjafatengill á Facebook þar sem einstaklingar geta sett sig í samband við ráðgjafa Starfsmenntar. Þá er frá og með árinu 2019 hægt að skrá sig í ráðgjafaviðtöl á vef Starfsmenntar.

6. Þróunarverkefni, samstarf og gæði

Starfsmennt tekur þátt í ýmis konar þróunarverkefnum á sviði menntamála og kynnir þjónustu sína hvenær sem færi gefst. Þá hafa birst pistlar og greinar eftir starfsmenn Starfsmenntar í blaði Sameykis og Gátt, vef tímariti Fræðslumiðstöðvar atvinnulífs um fræðslumál fullorðinna.

Samstarf um nám og fræðslu

Fangavarðaskólinn og endurmenntun fangavarða

Þann 24. maí 2019 var haldin útskrift úr Fangavarðaskólanum þar sem útskrifuðust 20 einstaklingar sem tóku þátt í tilraunakeyrslu Starfsmenntar veturinn 2018-2019. Nám fangavarða mun að öllum líkindum færast inn í formlega skólakerfið og fyrir tilstilli Starfsmenntar var komið á samstarfi milli Fangelsismálastofnunar og Fjölbrautaskólans við Ármúla um þróun náms á framhaldsskólastigi. Þá hófst vinna við að endurskoða *Áfanga*, námskrá fyrir endurmenntun fangavarða, og voru nokkur námskeið haldin haustið 2019 fyrir starfandi fangaverði.

Málþing um persónuverndarlöggjöf

Starfsmennt stóð fyrir málþingi í samvinnu við Háskólann á Bifröst föstudaginn 15. mars 2019 um breytta persónuverndarlöggjöf. Málþingið var haldið í BSRB húsinu og var opið öllum og einnig sent út í streymi. Alls skráðu sig 70 manns á málþingið, þar af 23 í streymi. Af þessum 70 þátttakendum voru 33 starfandi hjá ríkisstofnunum, 27 hjá stofnunum sveitarfélaga, þrír á vegum stéttarfélaga og sjö frá öðrum aðilum en áður eru upptaldir. Málþingið var hluti af samstarfi Starfsmenntar og Bifrastar um fagháskólanám í opinberri stjórnslu.

Nám fyrir starfsmenn í flutningsþjónustu – þróun náms á framhaldsskólastigi

Landspítali – háskólasjúkrahús óskaði eftir aðkomu Starfsmenntar að þróun náms á framhaldsskólastigi fyrir starfsmenn í flutningsþjónustu. Fjölbrautaskólinn við Ármúla tók að sér að þróa námið og í árslok 2019 var staðan sú að námskráin hafði verið send mennta- og menningarmálaráðuneytis til umsagnar og staðfestingar.

Rekspölur – endurskoðun náms

Framvegis hlaut styrk úr Þróunarsjóði framhaldsfræðslunnar vorið 2018 til að endurskoða námskránnar *Rekspölur*, námskrá Starfsmenntar, og *Sterkari starfsmaður*, námskrá Fræðslumiðstöðvar atvinnulífs, í því skyni að setja saman nám með megináherslu á upplýsingatækni, tæknilæsi og almenna starfshæfni og sækja um vottun á náminu til Menntamálastofnunar vorið 2020.

Stafræna hæfnihjólíð – þróun náms

Starfsmennt sóttist eftir samstarfi við VR til að þróa stutt námskeið sem styðja við almenna stafræna hæfni. Aðdragandinn var sá að VR lét þýða danskt sjálfspróf *Stafræna hæfnihjólíð* sem hefur það meginmarkmið að gefa einstaklingum kost á að kortleggja eigin stafræna hæfni. Sjálfsprófið var þróað af danska fyrirtækinu *Center for digital dannelse*. Aðgangur að íslensku útgáfunni var opnaður haustið 2019 og er öllum opin á vef VR <https://stafrænahefni.is/>. Starfsmennt sótti um styrk til Þróunarsjóðs framhaldsfræðslunnar vorið 2019 til að þróa nám sem byggir á þeim hæfnipáttum sem mældir eru í sjálfsprófinu. Styrkur fékkst og hófst vinna við verkefnið í árslok 2019. Námskráin mun skiptast í fjögur meginþemu og er hverju og einu þeirra skipt í fjögur undirþemu, allt í samræmi við hæfnipætti sjálfsprófsins. Þannig verða þróuð 16 stutt námskeið sem verða opin öllum endurgjaldslaut á vef Starfsmenntar. Áætluð verklok eru árið 2020.



Þróttur – endurskoðun náms

SÍMEY á Akureyri fékk styrk úr Þróunarsjóði framhaldsfræðslunnar vorið 2019 til að vinna að þróun náms byggðu á prófílum starfs í íþróttahúsi og starfs sundlaugavarðar. Verkefnið verður unnið í samvinnu við Starfsmennt með það að markmiði að í stað námskrárinnar *Þróttur – námskrá fyrir starfsfólk íþróttamannvirkja* verði gerðar námskrár sem hljóti vottun Menntamálastofnunar (MMS) sem viðurkenndar námskrár framhaldsfræðslunnar. Verkefnið er á áætlun og standa vonir til að vottun fáið fyrir árslok 2020.

Samstarf um raunfærnimat

Starfsmennt leitast við að taka þátt og styðja við verkefni á sviði raunfærnimats sem geta komið aðildafélögum fræðslusetursins til góða. Á árinu 2019 var í þriðja sinn boðið upp á raunfærnimat á móti kröfum háskólabrúar Keilis. Þá var leitað eftir upplýsingum frá öðrum fræðsluaðilum um raunfærnimatsverkefni sem voru í gangi eða í bígerð hjá þeim veturinn 2019-2020. Markmiðið er að vekja athygli á verkefnum sem geta nýst félagsmönnum í aðildarfélögum BSRB. Upplýsingar um raunfærnimatsverkefni hjá fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum hér á landi er að finna á vef Starfsmenntar.

Ráðstefna í Berlín og Berlínaryfirlýsingin

